



Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 16. nóvember 2020  
UST202003-097/H.R.A.  
08.14.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 21. september sl. þar sem Umhverfisstofnun óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávikum frá starfsleyfi er fram komu í eftirliti stofnunarinnar á urðunarstað Sveitarfélagsins Hornafjarðar í Lóni þann 5. júní sl. Þann 19. október sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 5.1 í starfsleyfi.** Við skil á skráningum vantaði upplýsingar um tl. 2-6 er varða úrgangi hafnað, stöðuna á urðunarstaðnum, sigmælingar, mengunaróhöpp og rekstur hreinsimannvirkja. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur sveitarfélagið ítrekað við verktaka að halda utan um úrgang sem er hafnað, mengunaróhöpp og rekstur hreinsimannvirkja. Sveitarfélagið mun ganga á eftir og taka við umræddum upplýsingum fyrir næstu lögbundnu skil umhverfisupplýsinga til Umhverfisstofnunar.**
- 2. Gr. 5.4 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hver fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðili skilaði skráningum 15. maí sl. og telst frávikinu því lokið. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur sveitarfélagið hrint í framkvæmd áætlun um mælingar á sigi á urðunarstaðnum sem og kortlagningu á urðunarstaðnum með sérstakri áherslu á líftíma urðunarstaðarins. Þeim upplýsingum verður skilað inn til Umhverfisstofnunar með næstu lögbundnu skilum á umhverfisupplýsingum.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 19.800 kr**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands